Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

15. árg. 2006 3. tbl.

Skógræktarferð til Sviss haustið 2007

Skógræktarfélag Reykjavíkur 60 ára

Skógræktarfélag Kópavogs og Kópavogsbær stórauka samstarf

Heiðursfélagar Skógræktarfélags Vestmannaeyja

Vel lukkuð Bjarmalandsför Skógræktarfélags Íslands

Opnun Aldamótaskógar í Reykholti

Opinn skógur opnaður í Tröð með stuðningi Sjóvá - fjármögnunar

Jólatrjáalist

Gróðursetja einn milljarð trjáa!

Mikið gróðursett í Esjuhlíðar

Afmælishátíð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Hæsta tré á Íslandi

Útistofan á Heiðmörk slær í gegn

Tímamótasamningur um framleiðslu og sölu á íslenskum jólatrjám

Unnið að verkefninu um Græna trefilinn

Aðalheiðarlundur á Djúpavogi

spron – fyrir allt sem þú ert

VISA

Þessar myndir eru teknar þegar starfsfólk VSÓ ráðgjafar kom í heimsókn í jólaskóginn í Brynjudal í Hvalfirði. Það er einn fjölmargra staða þar sem skógræktarfélögin bjóða fólk velkomið fyrir jólin (Myndir Daníel Bergmann).

JÓLALEGT Í SKÓGUM SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Ein helsta tekjulind skógræktarfélaganna í landinu er að rækta og selja jólatré. Fjöldamörg félög rækta tré til sölu í smásöluverslunum, ekki síst stafafuru sem nýtur vaxandi vinsælda. Stafafura er einstaklega heppilegt jólatré, en hún ilmar vel og er einstaklega barrheldin. Sala á henni hefur aukist ár frá ári og er hún nú orðin mest selda íslenska jólatréð. Hér í blaðinu er einmitt fjallað um nýjan samning Skógræktarfélags Íslands og Húsasmiðjunnar/Blómavals varðandi samstarf um ræktun og sölu á íslenskum jólatrjám til framtíðar.

Mörg skógræktarfélög bjóða fólk velkomið í skóginn til að velja sitt eigið jólatré. Þar gefst fólki kostur á að velja það tré sem passar best í stofu viðkomandi. Slík heimsókn er orðin ómissandi hluti jólaundirbúningsins hjá fjölmörgum fjölskyldum, enda kjörinn vettvangur til að komast úr erilsömum jólaundirbúningnum í fallegt og friðsælt umhverfi.

Með jólatrjáasölunni reiða skógræktarfélögin sig á velvilja almennings varðandi stuðning við skógræktarstarfið en fyrir hvert selt jólatré geta félögin gróðursett 30-40 tré. Jólatrjáasala er ein mikilvægasta tekjulind skógræktarfélaganna í landinu sem nýta tekjurnar til ræktunar nýrra skóga og bætts aðgengis almennings til útivistar í reitum félaganna.

Skógræktarfélag Íslands óskar öllum félagsmönnum í hinum 60 aðildarfélögum árs og friðar með von um áframhaldandi gott samstarf á nýju ári. Alls eru rúmlega 7000 félagsmenn í skógræktarfélögunum og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Guðfinna Ólafsdóttir og Erlendur Stefánsson gerð heiðursfélagar Skógræktarfélags Vestmannaeyja

Skógræktarfélag Vestmannaeyja er fjölmennt áhugafélag sem starfar að krafti. Félagið hefur unnið að ýmsum skóg- og trjáræktarverkefnum með athyglisverðum árangri.

Félagið gerði nú á dögunum merka frumkvöðla ræktunar í Eyjum að heiðursfélögum. Það voru þau sæmdarhjón Erlendur Stefánsson og Guðfinna Ólafsdóttir kennd við Gaujulund, sem gerð voru að fyrstu heiðursfélögum Skógræktarfélags Vestmannaeyja.

Auk þess afhenti skógræktarfélagið þeim skilti sem sett var á geymsluskúr sem er í lundinum. Þar hafa þau síðastliðin 18 ár staðið að gróðursetningu bæði trjáa og sumarblóma af mikilli elju. Gaujulundur hefur vakið athygli ferðamanna sem koma til Eyja, sem vin í hrjóstrugu hrauninu, auk þess að vera hvetjandi fyrirmynd fyrir íbúa í Vestmannaeyjum, gott dæmi þess sem hægt er að gera,

Á myndinni eru þau Ólafur Lárusson, formaður Skógræktarfélags Vestmannaeyja, Halla Svavarsdóttir, ritari Skógræktarfélags Vestmannaeyja og þau hjónin Guðfinna og Erlendur við skiltið.

Unnið að verkefninu um Græna trefillinn

– Skýrsla til Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði á útmörk sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkur, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar, Álftaness og Hafnarfjarðar. Á þessu svæði búa nú tæplega 190.000 íbúar eða rúm 60% þjóðarinnar.

Samstarf skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við uppbyggingu skógræktar- og útivistarsvæða á jaðri byggðar á sér langa sögu. Má rekja hana allt aftur til ársins 1903 þegar gróðursetning hófst við Rauðavatn. Hugmyndin um að líta á svæðið sem eina heild er þó mun yngri og er fyrst farið að nota hugtakið „Græni trefillinn“ upp úr 1990. Má segja að það sé í kjölfar aukinnar þéttbýlismyndunar þegar mörk byggðar milli einstakra sveitarfélaga minnka og árangur uppbyggingar skógræktar- og útivistarsvæðanna fer að verða öllum sýnilegur.

Við gerð sameiginlegs Svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir tímabilið 2001-2024 var Græni trefillinn formlega staðfestur í skipulagi og hefur síðan verið tekinn inn í gerð aðalskipulaga einstakra sveitarfélaga.

Hins vegar hefur ekki verið unnið að því skipulega að tengja svæðin saman eða formgera hvernig standa eigi að framkvæmd þessa verkefnis.

Á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2004 var samþykkt tillaga, þar sem óskað var eftir því við stjórn félagsins að beita sér fyrir verkefninu um Græna trefilinn.

„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Kópavogi 13. -15. ágúst 2004, beinir þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélags Íslands að hafa forgöngu um að vinna, ásamt viðkomandi skógræktar- og sveitarfélögum, heildaráætlun um ræktun og tengingu núverandi skógræktarsvæða á því svæði sem gengið hefur undir vinnuheitinu Græni trefillinn, sem eru skógræktar og útivistarlönd ofan byggðar á höfuðborgarsvæðinu“.

Að frumkvæði Skógræktarfélags Íslands var veturinn 2005 kallaður saman starfshópur fulltrúa skógræktar- og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna Græna trefilsins. Þar kom fram ríkur vilji að taka höndum saman um að efla verulega uppbyggingu þessa svæðis og skapa framtíðarsýn varðandi rekstur og uppbyggingu þess.

Starfshópurinn ákvað að fela stjórn SSH að fjalla um málið og finna réttan farveg í stjórnkerfinu. Í kjölfarið fól stjórn SSH Skógræktarfélagi Íslands, í samstarfi við starfshópinn, að vinna skýrslu þar sem fram kæmu tillögur um verkefnið Græna trefilinn.

Niðurstöður vinnu starfshópsins eru kynntar í skýrslunni sem er aðgengileg á vefsíðu félagsins www.skog.is. Kaus starfshópurinn að vinna efni skýrslunnar þannig að hún gæfi sem gleggsta mynd af fyrirkomulagi Græna trefilsins í dag og gerir síðan á þeim grundvelli tillögur til stjórnar SSH.

Í starfshópi skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Skógræktarfélags Íslands eru:

Andri H. Sigurjónsson, fulltrúi Kópavogsbæjar

Ágúst Hálfdánarson, fulltrúi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Björn Axelsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar

Eiríkur Páll Eiríksson, fulltrúi Skógræktarfélags Kópavogs

Erla Bil Bjarnardóttir, fulltrúi Skógræktarfélags Garðabæjar

Guðjón Ingi Eggertsson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

Guðjón Sverrisson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

Helgi Gíslason, fulltrúi Skógræktarfélags Reykjavíkur



Græni trefillinn er samheiti yfir útivistar- og skógræktarsvæðin á höfuðborgarsvæðinu og eru Esjuhlíðar hluti hans (Mynd JGP).

Jón G. Gunnlaugsson, fulltrúi Skógræktarfélags Álftaness

Jónatan Garðarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Júlía Ingvarsdóttir, fulltrúi Garðabæjar

Lúðvík Geirsson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

Oddgeir Þór Árnason, fulltrúi Mosfellsbæjar

Símon Þorleifsson, fulltrúi Skógræktarfélags Kjalarness

Steinunn Árnadóttir, fulltrúi Seltjarnarnesbæjar

Þorvaldur S. Þorvaldsson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands

Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar

Brynjólfur Jónsson, Skógræktarfélagi Íslands

Einar Gunnarsson, Skógræktarfélagi Íslands

Jón Geir Pétursson, Skógræktarfélagi Íslands

Ragnhildur Freysteinsdóttir, Skógræktarfélagi Íslands.

Wangari Maathai frá Kenýa hefur beitt sér mikið fyrir umhverfisvernd, auk mannréttinda og jafnréttismála. Hún er, ásamt Alberti II Mónakóprins, sérstakur verndari átaks Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna um gróðursetningu eins milljarðs trjáa. Þessi mynd er tekin af ör-gróðrarstöð í vesturhluta Kenýa þar sem Grænbeltishreyfing Maathai hefur unnið mikið. Svona grind er gjarnan reist við húsin í þorpunum til þess að leggja á uppvask og þvott til þerris. Eins og sést eru trjáplöntur sem fjölskyldan elur upp til gróðursetninga í þorpinu settar undir grindina, en vatnið sem rennur af uppvaskinu vökvar þær. Einföld og sniðug hugmynd sem virkar vel (Mynd JGP).

Alþjóðlegt skógræktarátak Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna - gróðursetja einn milljarð trjáa!

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) hefur hleypt af stokkunum umfangsmiklu skógræktarátaki til að berjast gegn gróðurhúsaáhrifum og fátækt. Markmið verkefnisins er að gróðursetja einn milljarð trjáa á næsta ári. Verndarar þess eru friðarverðlaunahafi Nóbels frá árinu 2004, Wangari Maathai frá Kenýa og Albert II Mónakóprins en hann hefur unnið mikið að umhverfisvernd.

Þegar tilkynnt var um verkefnið fyrir fund UNEP í Nairobi í Kenýa á dögunum hvatti Maathai lönd heims til að leggjast á eitt um aukna skógrækt.

Jafnframt vakti yfirlýsing Achim Steiners, forstjóra UNEP, mikla athygli þegar hann sagði að umræður fulltrúa stjórnvalda væru mikilvægar, en hins vegar flóknar, seinvirkar og oft erfiðar fyrir almenning að fylgja. Þótt stjórnvöld eyði tíma í málþóf geti og þurfi almenningur að bregðast við. Allir geti gróðursett tré og mikilvægi þess sé slíkt nú að allir þurfi að leggjast á eitt. Ef markmiðið um gróðursetningu eins milljarðs trjáa næst, mætti gera ráð fyrir að þau bindi árlega um 250 milljón tonn af koldíoxíði.

Frekari upplýsingar um verkefnið má fá á sérstakri heimasíðu UNEP tileinkaðri verkefninu: http://www.unep.org/billiontreecampaign/ sem við hvetjum lesendur til að kynna sér.

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt tímarit fyrir alla skóg- og trjáræktendur



Skógræktarritið er bæði fyrir leika og lærða. Einar Ó. Þorleifsson náttúrufræðingur mælir óhikað með því.

Skoðið áskriftartilboð á www.skog.is

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is. Nánari upplýsingar á www.skog.is.

Laufblaðið

Fréttablað, 15. árgangur 3. tölublað 2006.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Jón Geir Pétursson skógfræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir landfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2005:
Magnús Jóhannesson formaður,
Magnús Gunnarsson varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur:
Ólafía Jakobsdóttir,
Sigríður Jóhannsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.
Varamenn:
Vilhjálmur Lúðvíksson,
Páll Ingþór Kristinsson.
Jón Kr. Arnarson,

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

HÚSASMIÐJAN www.husa.is
PÓKASJÓÐUR
TOYOTA
blómaval heillandi heimur
SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN
KB BANKI
olís OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

BJARMALANDSFÖR SKÓG

Hér er allur hópurinn samankomin við minnismerkið um 900 daga umsátur Þjóðverja um Leningrad í síðari heimsstyrjöldinni.

Bjarmaland er í fornum sögum landssvæðið við Gandvík, sem nú heitir Hvítahafið. Er fjallað um ferðir víkinga þangað í mörgum fornsögum. Þangað sóttu menn grávöru í greipar Bjarma, en svo kallaðist ættbálkurinn sem byggði landssvæðið í kringum fljótið Vínu sem nú kallast Dvína og er borgin Arkhangelsk við óshólma hennar. Ferðir norður til Bjarmalands voru langar og erfiðar og gjarna hættulegar, en ef vel tókst til voru miklir möguleikar á að auðgast eða eflast verulega. Síðan hefur það máltæki fests í tungunni, að talað er um „Bjarmalandsför einhvers“ í þeim skilningi að einhver leggi mikið undir en geti síðan átt von á að auðgast eða eflast verulega að för lokinni. Þekktust er væntanlega för Þóris hunds og félaga, en eftir viðskipti við Bjarma rændu þeir og rupluðu fjársjóðum Bjarmanna.

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir eiginlegri Bjarmalandsför nú í ágúst, þó ekki til að ræna og rupla eins og Þórir hundur og félagar til forna! Með ferðinni var markmiðið að kynnast og fræðast um heillandi tengsl íslenskrar skógræktar við þennan heimshluta og eins hvernig Pétur mikli Rússakeisari tvinnast saman við þau tengsl.

Í ferðina fóru 88 áhugasamir þátttakendur og var hún skipulögð af Pétri Óla Péturssyni í Pétursborg sem jafnframt var leiðsögumaður í ferðinni. Reyndist hann alveg

Pétur mikli Rússakeisari lét safna lerkifræi í Arkhangelsk og sá við strönd Finnska flóa, við bæinn Raivola. Þar eru nú um 270 ára gömul lerkitré, sem eru móðurtré stórs hluta þess rússalerkis sem hefur verið ræktað á Íslandi. Hér eru þeir Brynjólfur Jónsson og Guðmundur Jónsson við einn lerkirisann.

Lerkifræ hefur komið til Íslands beint frá Pinega, en það var í kjölfar ferðar Sigurðar Blöndal og Arnórs Snorrasonar þangað. Fræár eru þar yfirleitt á 5-7 ára fresti.

Miðaldakirkja í Malye Karely, utan við Arkhangelskborg.

Eftir ferðalag um Arkhangelsk dvaldi hópurinn nokkra daga í Pétursborg, hinni mögnuðu fyrrverandi höfuðborg Rússlands sem Pétur mikli stofnaði til eftir að hafa unnið sigur á Svíum. Blóðkirkjan er ein af mörgum glæsibyggingum borgarinnar.

Styttur af Lenin eru í flestum borgum Rússlands. Pétursborg hét Leningrad á Sovéttímanum.

Timbri fleytt niður fljótið Dvínu. Stórfljótin eru enn mikilvægar flutningsleiðir fyrir timbur niður til strandar.

Í Arkhangelskborg er mikið af gömlum glæsilegum timburhúsum, sem reyndar þurfa mörg hver orðið viðhald.

RÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

jafn frábær skipuleggjandi og látið er af nafna hans mikla fyrir 300 árum!

Þetta var langt ferðalag um óhefðbundnar slóðir, en líkt og í Bjarmalandsferðum til forna, hægt að auðgast verulega, þó að þessu sinni frekar af þekkingu og lífsreynslu heldur en silfri og grávöru.

Frá Helsinki í Finnlandi lá leiðin til Vyborgar, um Kirjálahéruðin, til Raivola skógar Péturs mikla og síðan með flugi upp til Arkhangelsk. Arkhangelskborg stendur við óshólma fljótsins Dvínu, þar sem það tæmist í Hvítahafið. Þar ferðuðumst við upp með Dvínu, inn í sveitir og óbyggðir djúpt upp með Pinega, sem er ein af þverám Dvínu. Frá þeim stað hefur verið fengið rússalerki til ræktunar hér á landi. Eftir ferðalög um Arkhangelskhérað flugum við til baka til Pétursborgar þar sem hópurinn dvaldi í nokkra daga. Í Pétursborg skoðuðum við bæði grasagarðinn og áhugaverða skógræktarstöð, en nutum jafnframt ýmiskonar menningar og listar sem borgin er svo rík af.

Allt gekk ferðalagið að óskum og eru hér nokkrar svipmyndir úr ferðinni, sem verður gerð betri skil síðar (MyndirJGP).

Í ferðum Skógræktarfélags Íslands er jafnan blandað saman gagni og gamani. Í Pétursborg gafst tækifæri á að njóta ýmiskonar menningarviðburða. Þessi mynd er tekin úr einni kvöldverðarveislunni, þar sem stór sellóhljómsveit lék fyrir hópinn.

Uppruni lerkisins í Raivola er talinn vera í Pinega, en Pinega er lítill bær á bökkum samnefnds fljóts. Þessi mynd er tekin af skóginum í Pinega, þar sem lerkið vex gjarna í bland við skógarfuru, rauðgreni, birki og blæösp.

Vetrarhöllin er eitt af djásnum Pétursborgar, en hún er talin annað mesta listasafn heims á eftir Louvre í París

Skipuleggjandi ferðarinnar og leiðsögumaður var annar Pétur, Pétur Óli Pétursson en hann býr í Pétursborg. Allt skipulag ferðarinnar var til mikillar fyrirmyndar og leiðsögn Péturs Óla góð. Hér er hann (til hægri) ásamt Halldóri Ásgeirssyni.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, flytur ávarp c.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, opnar nýja heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur (Mynd HF)

Stefán P. Eggertsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, tekur við gjöf Skógræktarfélags Hafnarfjarðar úr hendi Hólmfríðar Finnbogadóttur (Mynd HF).

Afmælishátíð: Skógræktarfélag Reykjavíkur 60 ára

Í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Reykjavíkur var haldið málþing og móttaka í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 25. nóvember 2006.

Málþingið hófst með ávarpi Stefáns P. Eggertsonar, formanns Skógræktarfélags Reykjavíkur, þar sem hann fór stuttlega yfir sögu félagsins og mikilvægi þess fyrir ræktun í borgarlandinu. Því næst tók Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, til máls og setti málþingið, en hann var einnig fundarstjóri, ásamt Gunnlaugi Claessen hæstaréttardómara og stjórnarmanni í Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Málþingið fjallaði um ýmis mál er tengjast Heiðmörk og starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur á einn eða annan hátt. Fyrst kynnti Ragnhildur Freysteinsdóttir, landfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands, nýja skýrslu um Græna trefilinn og fjallaði almennt um mikilvægi grænna svæða fyrir byggðina á höfuðborgarsvæðinu. Næstur tók til máls Björn Axelsson, landslagsarkitekt hjá Skipulagssviði Reykjavíkurborgar og kynnti forsögn að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk. Forsögnin miðar að því að Heiðmörk verði fjölbreytt útivistar-, náttúru- og skógræktarsvæði, sem íbúar geti nýtt til útivistar og afþreyingar, samhliða því að vernda náttúru og vatnsból. Stefnt er að því að fyrstu drög deiliskipulags verði tilbúin á næsta ári. Því næst kynnti Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur, samstarf Náttúruskólans og Skógræktarfélagsins í Heiðmörk, en þar er búið að koma upp tveimur útikennslustofum, sem notið hafa mikilla vinsælda síðan þeim var komið upp og hafa færri komist þar að en vilja. Málþinginu lauk svo með erindi Herdísar Friðriksdóttur, skógfræðings hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, þar sem hún kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar meðal notenda Heiðmerkur. Ýmislegt áhugavert kom þar fram og ýmsar vísbendingar um hvað betur mætti gera, en almennt var fólk þó ánægt með Heiðmörk sem útivistarsvæði.

Á eftir erindi Ragnhildar færði Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Páli Samúelssyni, fyrrverandi eigenda Toyota-umboðsins og Elínu S. Jóhannesdóttur konu hans, þakklætisvott fyrir framlag þeirra til skógræktar í Esjuhlíðum. Bogi Pálsson, sonur þeirra, tók við viðurkenningunni fyrir þeirra hönd.

Gísli Marteinn Baldursson sleit svo málþinginu með formlegri opnun endurbættrar og uppfærðrar heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur (www.heidmork.is).

Eftir málþingið hófst svo móttaka í boði borgarstjóra, með ávarpi Þorvalds S. Þorvaldssonar, arkitekts og stjórnarmanns í Skógræktarfélaginu, sem stjórnaði móttökunni. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, flutti því næst ávarp þar sem hann bauð viðstadda velkomna. Minntist hann á áratugalangt og farsælt samstarf borgarinnar við Skógræktarfélag Reykjavíkur og sagði að félaginu biði mikilvægt hlutverk í uppbyggingu Græna trefilsins í framtíðinni. Borgarstjóri sagði að komið yrði á fót starfshópi til að vinna að tillögum um nýjan samstarfssamning milli Reykjavíkur og Skógræktarfélagins, með fulltrúum frá báðum aðilum.

Hólmfríður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, færði Skógræktarfélagi Reykjavíkur höfðinglega gjöf, plöntur að eigin vali að andvirði 60.000 kr. frá Gróðrarstöðinni Þöll.

Eftir ávarp borgarstjóra nutu gestir svo veitinganna og tónlistar, en í móttökunni söng Andrea Gylfadóttir söngkona, við undirleik Jóns Rafnssonar kontrabassaleikara og Björns Thoroddsen gítarleikara.

Skógræktarferð til Sviss haustið 2007

Ferð um svissnesku Alpana

Skógræktarfélag Íslands hefur reglulega staðið fyrir kynnisferðum til annarra landa. Hafa verið skipulagðar ferðir til Skotlands, Austurríkis, Danmerkur, Alaska, Finnlands, Írlands, Nýfundnalands og nú seinast til Rússlands eins og fjallað er um hér annarsstaðar í Laufblaðinu. Þetta hafa verið fjölsóttar og vel lukkaðar ferðir sem yfirleitt leiða fólk um óhefðbundnar slóðir, fela í sér mikla náttúruskoðun, góða leiðsögn og viðkynningu heimamanna og er ætlað að sameina gagn og gaman.

Á næsta ári er komið að Alpalandinu Sviss. Hyggst félagið standa fyrir vikulangri ferð í byrjun september. Ætlunin er að fljúga í beinu flugi til Friedrichshafen og ferðast síðan í viku tíma um svissnesku Alpana.

Stefnum við að ferð frá 4. – 11. september 2007 með íslenskum leiðsögumönnum og túlkum. Verð ferðarinnar liggur ekki enn fyrir.

Hins vegar er hægt að skrá sig strax á þátttakendalista á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða í tölvupósti skog@skog.is.

Í þessa ferð okkar, líkt og aðrar, er það að fyrstur kemur - fyrstur fær.



Skógræktarfélagið skipuleggur ferð til Sviss í haust. Náttúrufegurð er mikil í Ölpunum. Fjöldamargar trjá- og runnategundir sem vaxa nærri skógarmörkum í Ölpunum hafa reynst afar vel í ræktun á Íslandi (Mynd JGP).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
Arentsstál ehf, Eirhöfða 17
Aseta ehf, Tunguhálsi 19
Athygli ehf, Síðumúla 1
Árni Reynisson ehf, Laugavegur 170
Bakarameistarinn ehf, Stigahlíð 45-47
Bergiðjan, Vatnagörðum
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Brim hf, Tryggvagötu 11
Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut 58-60
Eggert Kristjánsson hf, Sundagörðum 4
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 6
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
Garðyrkjuþjónustan ehf, Bólstaðarhlíð 35
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gesthús Dúna hf, Suðurhlíð 35d
Gjögur hf, Kringlunni 7
HGK ehf, Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Hrafnistuheimilin, Hafnarfirði og Reykjavík
Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
Hvellur - G.Tómasson ehf, Súðarvogi 6
Hönnun hf, Grensásvegi 1
Iceland Seafood International ehf, Köllunarklettsvegi 2
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
ISS Ísland ehf, Ármúla 40
Ísaga hf, Breiðhöfða 11
Íslandspóstur hf, Stórhöfða 29
Ísól ehf, Ármúla 17
Jarðvélar ehf, Síðumúla 28,
J. Eiríksson ehf, Tangarhöfða 5
Johann Rönning hf, Sundaborg 15
Kennarasamband Íslands, Laufásvegi 81
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjarni.is, Snorrabraut 56a
Kjörgarður, Laugarvegi 59
KPMG endurskoðun hf, Borgartúni 27
Landbúnaðarráðuneytið, Sölvhólsgötu 7
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Lóðalist ehf, teiknun, hönnun, ráðgjöf og eftirlit, Síðumúla 31
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 115
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Mentis hf, Sigtúni 42
Mirage slf, Lyngrima 3
MS - mjólkurvörur í sérflokki, Bitruhálsi 1
Plastprent hf, Fosshálsi 17-15
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Rarik hf, Rauðarárstíg 10
Saxhóll ehf, Nóatúni 17
Segull ehf, Hólmaslóð 6
Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
Smith & Norland hf, Nóatúni 4
SORPA, Gufunesi
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sveinbjörn Sigurðsson hf, Smiðshöfða 7
Tannlæknastofa Árna Þórðarsonar, Faxafeni 11
Teppaþjónusta E.I.G. ehf, Karfavogi 19
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)
Veitingahúsið Jómfrúin, Lækjargötu 4
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
Verkfræðistofan Fjölhönnun, Stórhöfða 27
Vélaver hf, Lágmúla 7
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16
Þorskadalur ehf, Garðhúsum 12
Þórtak ehf, Brúnastöðum 73

Seltjarnarnes

Rafþing, rafverktaki, Bollagörðum 43

Vogar

Grein ehf, Litlabæ, Vatnsleysuströnd

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Baltik ehf, Smiðjuvegi 14
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf, Smiðjuvegi 22
Bílaverkstæði Bubba sf, Skemmuvegi 18L
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi, Vatnsenda
Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 24
Gróðrarstöðin Storð ehf, Dalvegi 30
Gæðaflutningar ehf, Hvannhólma 12
Reynir bakari, Dalvegi 4
Ræstingaþjónustan sf, Smiðjuvegi 62
Smári Guðmundsson, garðyrkjufræðingur, Þinghólsbraut 1
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla 2
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf, Hamraborg 11
Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær

Ásgeir Einarsson ehf, Garðaflöt 37
Fagval ehf, Smiðsbúð 4
Garðabær, Garðatorgi 7
Manus ehf, Smiðsbúð 7

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Grandatröð 2
Fura ehf, málmendurvinnslan, Hringhellu 3
Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Hringhellu 6
Hvalur hf, Hafnarfirði
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Sægeimur Arkitektar, Brattholti 1
VBS-verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

ESSE ehf, Stekkjargötu 51
Húsanes ehf, byggingaverktakar, Hafnargötu 20
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
Toyotasalurinn, Njarðarbraut 19
Verkfræðistofa Njarðvíkur, Brekkustíg 39
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Keflavíkurflugvöllur

Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli

Grindavík

Stakkavík ehf, Bakkalág 15b
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Tjarnargötu 8

Garður

Gunnar Hámundason ehf, Vörum 2

Mosfellsbær

Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36

Akranes

Blikksmiðja Guðmundar J Hallgrímssonar ehf, Akursbraut 11b
GT Tækni ehf, Grundartanga
Tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18
Vélaleigan Þróttur, Ósi 3

Náttúran notuð til kennslu. Í útistofunni er efnivið til kennslu safnað á staðnum og fer eftir árstíðum hvaða efni er tekið fyrir (Mynd HF).

Nestið bragðast betur úti. Í Einarslundi eru sæti umhverfis eldstæði en þar rúmast heill bekkur. Notalegt er að setjast niður og fá heitt kakó og nesti eftir kennslustund (Mynd HF).

Útikennslustofan í Heiðmörk hefur slegið í gegn

Útinám er nýjung í skólastarfi hér á landi en fyrstu útikennslustofunni var komið á fót í Heiðmörk við Elliðavatn í Reykjavík í sumar og hófst kennsla í haust. Starfsemi hennar er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Reykjavíkur, Náttúruskóla Reykjavíkur og Vinnuskóla Reykjavíkur. Skógræktarfélagið lét útbúa kennslustofuna í samvinnu við Vinnuskólann en Náttúruskólinn sér um kennslufræðilegan hluta starfseminnar. Markmiðið er að leik – og grunnskólakennarar noti stofuna til útináms nemenda sinna. Útikennslustofan er á engan hátt hefðbundin. Í fyrsta lagi er hún undir berum himni þar sem mörk skógarrjóðurs móta hina eiginlegu útveggi hennar. Engu að síður hefur verið komið fyrir aðstöðu þar sem ein bekkjardeild eða yfir 20 nemendur geta komið sér fyrir í senn og kennslufræðin miðast við að nýta sem flesta þætti umhverfisins þótt sterk tengsl séu við hefðbundið skólastarf.

Hvað er útikennsla?

Útikennsla er kennsluaðferð sem byggir á því að skólastarf er flutt að einhverju leyti úr hinni hefðbundnu skólastofu, út í nærliggjandi umhverfi og náttúru. Útikennsla er hentug til kennslu allra námsgreina og er vel til þess fallin að samþætta námsgreinar. Ekki er til nein algild skilgreining á hvernig útikennsla skuli fara fram. Aðferðin er oft notuð í bland við aðrar kennsluaðferðir. Útikennsla kemur þannig ekki í staðinn fyrir kennslu innandyra heldur er henni beitt í tengslum við vettvangsferðir, vinnu í skólastofu og úrvinnslu innandyra. Þannig verður aðferðin til þess að auðga skólastarfið og gera nám fjölbreyttara. Í útikennslu felst aðlögun náms að þörfum hvers og eins og kennsla sem fer fram á þennan hátt eykur möguleika nemenda á að skilja að efni sem kennt er í skólanum er ekki aðeins grein í skóla heldur raunverulegt fyrirbæri í umhverfinu. Aðrir þættir sem mæla með útikennslu eru aukin hreyfing og bætt heilsa. Börn og unglingar hafa þörf til að hreyfa sig og gefur útikennsla þann sveigjanleika og rými sem nemendur þurfa til að fá útrás fyrir þessar þarfir sínar.

Kvistur eða grein? Í útistofunni læra börnin að þekkja hugtök eins og köngull, kvistur, grein, kurl og slíður sem eru hugsanlega ný fyrir þeim. Einnig læra þau að þekkja trjátegundir og sumar blómtegundir (Mynd HF).

Kennt við opinn eld

Útistofan í Heiðmörk var gerð í júlí 2006 en Einar Óskarsson á veg og vanda að gerð hennar. Hönnunin var í höndum Herdísar Friðriksdóttur skógfræðings hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Helenu Óladóttur verkefnisstjóra Náttúruskóla Reykjavíkur og Margrétar Hugadóttur kennara, sem einnig var fengin til þess að útbúa námsefni fyrir stofuna. Umhverfishópur Vinnuskóla Reykjavíkur kom einnig að gerð stofunnar. Stofan er í tveimur rjóðrum, annars vegar er Einarslundur og Grænilundur hinsvegar. Í Einarslundi er eldstæði þar sem um 20 börn geta setið á bekkjum í kringum eldstæðið. Þar er einnig borð með áföstum bekkjum og skýli þar sem hægt er að leggja frá sér töskur og yfirhafnir. Í Grænalundi eru fleiri trjátegundir og er svæðið meira hugsað sem kennslusvæði. Stígur liggur í hring um svæðið og þar er hægt að leysa margvísleg verkefni. Handan Grænalundar er svo opið svæði með grasengi og litlum trjálundum þar sem kennsla sem krefst meiri hreyfingar getur farið fram.

Framboð á fyrirfram tilbúnu námsefni til útikennslu er af skornum skammti og hefur það ef til vill hindrað framgöngu útikennslu hingað til. Til þess að bæta úr þessu var Margrét Hugadóttir kennari fengin til þess að útbúa námsefni fyrir útistofuna. Til verksins fékkst styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Útbúin voru 20 verkefni í hinum ýmsu fögum grunnskólans til notkunar í útikennslustofunni og má nefna íslensku- og stærðfræðiverkefni sem dæmi. Verkefnin eru nú aðgengileg á heimasíðunum www.natturuskoli.is og www.heidmork.is. Kennarar geta valið verkefni sem henta aldri nemenda og því fagi sem vinna á með, prentað það út og tekið með í útistofuna.

Til að byrja með hafa þær Helena og Herdís tekið á móti nemendum á miðstigi í útistofunni til þess að kynna hana og þjálfa kennara í notkun hennar, en hugmyndin er þó að kennarar noti stofuna án utanaðkomandi aðstoðar í framtíðinni. Á vormánuðum verður haldið áfram að taka á móti skólahópum en einnig boðið upp á kennaranámskeið til þess að festa stofuna enn frekar í sessi.

Hvernig er hægt að læra stærðfræði úti í skógi?

Í haust hefur verið tekið á móti 250 nemendum í 10 heimsóknum, upppantað var á öll námskeið og þurfti að vísa hópum frá. Starfið hefur gengið vonum framar og hafa bæði kennarar og nemendur lýst ánægju sinni með þetta framtak. Hefðbundin heimsókn fer þannig

Ný upplifun. Börnin kunna vel að meta það að komast út úr hinni hefðbundnu kennslustofu og reyna eitthvað nýtt en þau læra oftar en ekki ýmislegt nýtt eftir heimsókn í útistofuna í Heiðmörk (Mynd HF).

Nemendur orna sér við eldinn. Oft er kalt í útistofunni en þrátt fyrir sérstaklega kalt haust hefur aldrei þurft að fresta kennslustund, þó að í eitt skiptið hafi verið 8 stiga frost og 10 vindstig (Mynd HF).

fram að nemendur og kennarar mæta kl. 9 og koma þá annaðhvort í rútu eða með strætó og ganga síðasta spölinn. Byrjað er á því að fara yfir reglurnar í útistofunni, en þær snúast aðallega um að nemendur láti sig ekki hverfa, fari ekki út á vatnið og passi sig á eldinum. Síðan er gengið yfir í útistofuna og kveiktur eldur, og þau verkefni sem fara á í yfir daginn kynnt. Hópnum er svo skipt í tvennt og fer annar hópurinn í stærðfræðikennslu á meðan hinn leysir íslenskuverkefni. Eftir frímínútur skipta hóparnir um verkefni, sá sem fyrst glímdi við stærðfræði snýr sér að íslensku og öfugt.

Stærðfræðiverkefnin eru mismunandi eftir aldurshópum en oftar en ekki er unnið með stærðfræðihugtök eins og lóðrétt, lárétt, hring, þríhyrning o.s.frv. Leikurinn „bak í bak“ er oft notaður. Þá vinna nemendur tveir saman og leita sér að efnivið úr náttúrunni, t.d. laufblaði, kurli, trjágrein, furunál eða berki. Þeir setjast síðan niður og snúa bökum saman. Annar nemandinn lýsir fyrir hinum hvernig hann leggur sinn efnivið niður á jörðina, t.d. „Ég legg trjágreinina lóðrétt niður, og til hægri við hana set ég furunálarnar í hring. Beint fyrir neðan þær legg ég kurlið lárétt“. Hinn nemandinn á svo að fara eftir leiðbeiningunum og reyna að gera eins. Íslenskuverkefnið fer þannig fram að nemendur fá ramma úr pappír og eiga að leggja hann niður á jörðina eða hengja í tré. Þeir eiga svo að notast við það sem er innan rammans og finna þrjú nafnorð og fallbeygja þau, þrjú lýsingarorð og stigbreyta þeim og að lokum að finna fimm samsett orð. Hægt er að bæta við þetta verkefni með því að láta nemendur mála mynd af því sem er inni í rammanum.

Eru draugasögur hluti af aðalnámskrá?

Þegar þeim verkefnum er lokið fá börnin frjálsa stund og nota þau oft tækifærið til þess að sitja við vatnið, ganga um svæðið eða leita að kanínum. Í hádeginu eru grillaðar pylsur en eftir matinn er farið í „plattaleikinn“. Hann er mjög vinsæll en hann byggir mjög á samvinnu nemenda, jafnvægi og samhæfingu. Eftir leikinn er farið yfir í Grænalund þar sem unnið er með trjágreiningu og hæðarmælingu trjáa. Nemendur vinna saman 2-3 í hópum. Þeir fá í hendur greiningarlykil fyrir einstofna trjátegundir og ganga um lundinn og velja sér tré til að vinna með. Þeir byrja á því að greina trjátegundina og skrá hjá sér eða teikna helstu sérkenni tegundarinnar. Að því búnu eiga nemendurnir að mæla hæð trésins. Til þess að þeir geti það eru þeim kynntar nokkrar mismunandi aðferðir til að mæla trén. Það fer svo að sjálfsögðu eftir aldri nemenda og hvar þeir eru staddir námslega samkvæmt markmiðum aðalnámskrár, hvaða aðferð hver hópur velur til að mæla hæð í sínu tré.

Aðferðirnar eru af ýmsum toga. Einfaldast er að miða hæð trésins út frá hæð eins nemanda, þ.e. ef Kristín er 150 cm há og tréð virðist vera á hæð við þrjár Kristínar þá er auðveldlega hægt að reikna út hæð þess (450 cm eða 4,5 m).

Svolítið flóknara er að miða út hæð trésins með priki eða trjágrein en sú aðferð er að sama skapi nákvæmari. Valin er þá grein af handahófi, lengd hennar skiptir ekki máli en greinin þarf að vera bein. Henni er haldið lóðréttri út frá líkamanum með beinum handlegg þannig að neðri endi hennar nemi við trjástofninn við jörð og efri endi hennar miði við trjátoppinn. Oft þurfa nemendur að ganga nokkur skref fram og/eða til baka þar til þeir eru vissir um að greinin sýnist frá þeim jafnlöng og tréð er hátt. Að því búnu er greininni haldið láréttri út frá trénu. Nemandinn sem heldur greininni verður að standa kyrr á sama stað og fyrr og halda henni með beinum handlegg þannig að annar endi greinarinnar miðist við trjástofninn. Hann segir svo félaga sínum til svo sá standi við hinn enda greinarinnar. Þannig er hægt að mæla fjarlægð félagans frá trénu og hún er sú sama og hæð trésins. Aðrar aðferðir við hæðarmælingar eru mælingar út frá skugga trjáa og reikniaðferðir með hlutföll og jafnhliða eða einslaga þríhyrninga.

Í lok dags er nemendunum boðið upp á heitt kakó og þeir beðnir um að skrifa 3-5 setningar um hvað þeim sé eftirminnilegast eftir daginn. Mjög skemmtilegar athugasemdir koma frá nemendum í þessum skrifum en upplýsingunum er safnað saman og notaðar sem mat nemenda á kennslunni. Í ljós hefur komið að plattaleikurinn nýtur mestra vinsælda en sömuleiðis minnast nemendur eldstæðisins og kanínurnar vekja einnig mikla athygli. Kennarar eru einnig beðnir um að meta útistofuna og námsefnið. Hingað til hafa bæði nemendur og kennarar lýst mikill ánægju með þetta framtak og telja það mjög góða viðbót við hefðbundið skólastarf.

Sumir telja að útikennsla eigi ekki við á Íslandi því hér sé svo kalt og mikið myrkur á veturna. Það hefur ekki komið niður á starfi útistofunnar nú í haust og ekki hefur þurft að aflýsa heimsókn nemenda í útistofuna vegna veðurs eða annarra aðstæðna. Dag einn í nóvember var tekið á móti nemendum í 8 stiga frosti og 10 vindstigum og gekk starfið vel enda voru nemendur vel klæddir og skógurinn veitti gott skjól. Í desember var enn mjög dimmt þegar nemendur mættu á svæðið kl. 9 en þá var sest inn í Einarslund, kveiktur eldur og sagðar draugasögur þar til birti.

Starfið í útistofunni hefst á ný eftir páskafrí en þá verður nýtt námsefni notað með áhersla á fugla- og skordýralíf í skóginum. Má vænta þess að mikið verði sóst eftir að fá afnot af stofunni enda hafa flestir kennarar sem notað hafa stofuna lýst yfir áhuga á að fá að koma aftur í vor. Nánari upplýsingar má finna á www.heidmork.is eða www.natturuskoli.is.

Herdís Friðriksdóttir
Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Einar Óskarsson átti veg og vanda að gerð Útistofunnar (Mynd HF).

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjóvá/fjármögnunar hf, Skúli Alexandersson formaður Skógræktar- og landverndarfélags undir Jökli og og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra opna skóginn í Tröð formlega (Mynd JGP).

Tröð á Hellissandi

Opinn skógur opnaður með stuðningi Sjóvá fjármögnunar

Laugardaginn 15. júlí sl. var Tröð á Hellissandi, svæði Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli, opnað formlega undir merkjum „Opins skógar“ skógræktarfélaganna með hátíðlegri athöfn.

Veðurguðirnir voru ekki blíðir þennan dag, það var rigning og rok og nánast ágjöf, en enn sönnuðu sig skjóláhrif trjánna svo athöfnin var hin ánægjulegasta og á annað hundrað manns mættu í Tröðina og undu sér ágætlega.

Skúli Alexandersson, formaður Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli, setti hátíðina. Jóhann Hjálmarsson skáld las ljóð. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, og Kristinn Jónasson, sveitarstjóri Snæfellsbæjar, fluttu ávörp. Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjóvá/fjármögnunar hf. flutti ávarp en fyrirtæki hans og Pokasjóður voru styrktaraðilar þessa átaks í Tröðinni.

Grétar Kristjónsson, sonur Kristjóns Jónssonar sem stofnaði til ræktunar í Tröðinni flutti ávarp á opnunarhátíðinni (Mynd JGP).

Grétar Kristjánsson, sonur Kristjóns Jónssonar sem hóf skógrækt í Tröðinni, tók til máls og sagði m.a. að faðir hans hefði verið góður og gegn íhaldsmaður alla tíð en þó aldrei sóttst eftir þeim auði sem veraldlegur kallast, með einni undantekningu. Hann hefði verið vakinn og sofinn í því að þefa uppi skít um allar grundir í nágrenninu og ásælst hann í Tröðina!

Einar K. Guðfinnson, sjávarútvegsráðherra, opnaði „Opinn skóg“ í Tröð á Hellissandi með táknrænum hætti. Hann flutti fyrst ávarp og sagði að einhverjir vina hans hefðu furðað sig á að sjávarútvegsráðherra væri að opna skóg og hefðu spurt sig hvort að þetta væri paraskógur! En nálægð Traðarinnar við þetta fornfræga sjávarpláss, Hellissand, og ágjöfin þennan dag hlytu að sanna réttmæti þess að hann fengi þann heiður að opna skóginn í Tröðinni.

Að svo búnu opnaði hann „Opinn skóg“ í Tröð með því að gróðursetja fallega hlynplöntu og fórst honum það verk vel úr hendi.

Þá var gengið um Tröðina og aðstaðan og skógurinn skoðaður. Boðið var upp á léttar veitingar í lokin og allir fóru ánægðir heim.

Hæsta tré á Íslandi

Það er alaskaösp sem stendur utan við heimreiðina að húsinu á Hjalla, Hallormsstað haustið 2006. Hún er haustið 2006, 24,3 m há. Eftirfarandi deili segi ég á henni:

Hún er í hópi 13 alaskaaspa, sem ég gróðursetti þarna vorið 1970. Þarna var dálítil lægð milli kletta með mýrargróðri. Þetta voru vænar 3ja ára gamlar plöntur um mannhæðarháar, teknar upp með hnaus. Mér þykir líklegt að ég hafi látið þær fá vænan skammt af skít.

Kvæmið er Kenai Lake, Alaska. Það er úr hópnum sem Einar G.E. Sæmundsen safnaði þar haustið 1950, en græðlingar úr þeim hópi voru gróðursettir í gróðrarstöðinni á Hallormsstað 1951.

Flest trjáanna í þessum lundi hafa aldrei misst toppbrum og eru því heilar upp úr. Þessi hæsta ösp er þó tvístofna 6-7 m frá toppi eins og greinilega sést á myndinni.

Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri

Hæsta tré á Íslandi er þessi glæsilega alaskaösp við heimreiðina að húsinu Hjalla á Hallormsstað (Mynd Sigurður Blöndal).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Laugaland hf, Laugalandi
Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
Safnahús Borgarfjarðar, Bjarnarbraut 4-6
Skorradalshreppur, Grund

Stykkishólmur
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2

Grundarfjörður
Ragnar og Ásgeir ehf, Sólvöllum 7

Hellissandur
Skógræktar- og landverndarfélag undir Jökli

Búðardalur
Dalabyggð, Miðbraut 11
MS Búðardal, Brekkuhvammi 15

Reykhólahreppur
Glæðir, áburður, Hellisbraut 18
Reykhólahreppur, Reykhólum

Ísafjörður
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Kjölur ehf, Urðarvegi 37
Krossnes ehf, Króki 2
Stál og Hnífur ehf, Pósthólf 250
Teiknistofan Eik ehf, Suðurgötu 12

Bolungarvík
Djúpmar ehf, Völusteinsstræti 4
Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Patreksfjörður
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Tálknafjörður
Bjarmi BA 326

Þingeyri
Skjólskógar á Vestfjörðum, Aðalstræti 26

Hvammstangi
Skrúðvangur ehf, Gilsbakka 5

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1
Verkfræðistofan Stoð ehf, Aðalgötu 21

Varmahlíð
Akrahreppur Skagafirði
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Siglufjörður
Egilssíld ehf, Gránugötu 27
Fjallabyggð, Gránugötu 24

Akureyri
Bútur ehf, Njarðarnesi 9
Gerði eggjabú ehf, Þórsmörk
Gróðrarstöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Líkamsræktin Bjarg ehf, Aðalstræti 16
Orlofsbyggðin Illugastaðir, Fnjóskadal
Stella tannlæknir, Hófsbót 4
Verkfræðistofan Raftákn hf, Glerárgötu 34
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Ólafsfjörður
Árni Helgason vélaverkstæði, Strandgötu 22

Húsavík
Orkuveita Húsavíkur, Ketilsbraut 9
Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13

Laugar
Þingeyjarsveit, Kjarna

Þórshöfn
Langanesbyggð, Fjarðarvegi 3

Vopnafjörður
Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir
Bókasafn Héraðsbúa, Laufskógum 1
Dagskráin Austurlandi, Miðvangi 1
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins Mógilsá, Miðvangi 2
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður
Fjarðabyggð, Hafnargötu 2
Hólmar, húsgagnaverslun ehf, Austurvegi 29

Eskifjörður
Skógræktarfélag Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 6

Neskaupsstaður
AFL - Starfsgreinafélag Austurlands, Miðvangi 2-4
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði
Bókhaldsstofan ehf, Krosseyjarvegi 17
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Búnaðarfélag Grímsneshrepps, Björk Grímsnesi
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Eyvindartunga ehf, Austurey 2
Garðyrkjustöðin Furubrún, Reykholti, Biskupstungum
Grímsneshreppur og Grafningshreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
S. G. Hús hf, Austurvegi 69
Selós ehf, Eyravegi 51
Set ehf, plströraverksmiðja, Eyravegi 41
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur, Árnesi
Sorpstöð Suðurlands, Austurvegi 56
Sunnlenska fréttablaðið, Austurvegi 22
Umhverfisdeild Árborgar, Austurvegi 2, Ráðhúsi
Vélaverkstæði Almennar viðgerðir og smurþjónusta, Gagnheiði 36

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Samband garðyrkjubænda, Reykjum

Þorlákshöfn
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Flúðir
Flúðafiskur, Borgarási
Garðyrkjustöðin Jörfi, Flúðum
Hrunamannahreppi
Grænt Land umhverfisþjónusta, Sneiðin 5

Hella
Rangárþing - Ytra, Suðurlandsvegi 1

Hvolsvöllur
Anna og Árni á Akri, Akri

Kirkjubæjarklaustur
Búval ehf, Iðjuvöllum 3
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur-Skaftafellssýslu

Vestmannaeyjar
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf, Kirkjuvegi 23

Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri Blómavals, gróðursetja fallega rauðgreniplöntu, sem eftir um 10 ár verður orðin glæsilegt jólatré (Mynd JGP).

Skógræktarfélag Kópavogs og Kópavogsbær stefna að stórauknu samstarfi um aukna skógrækt í bænum

Skógræktarfélag Kópavogs og Kópavogsbær gerðu á dögunum með sér samstarfssamning. Með samningum tekur félagið að sér aukin verkefni í bænum og er meðal annars lögð áhersla á uppbyggingu fræðsluseturs í Guðmundarlundi. Guðmundarlundur er skógur Skógræktarfélags Kópavogs í Vatnsendalandi. Hann ræktaði Guðmundur H. Jónsson, stofnandi BYKO af einstakri framsýni og eldmóð við erfiðar aðstæður. Skógræktarfélag Kópavogs annast svæðið nú. Miklu skiptir einnig að Kópavogsbær mun auka árlegt framlag sitt til Skógræktarfélags Kópavogs til framtíðar. Jafnframt felur samningurinn það í sér að félagið mun hefjast handa við skógrækt og uppgræðslu á stórum svæðum við Selfjall ofan Lækjarbotna. Það svæði tilheyrir Græna treflinum og fellur því vel að áformum um aukna skógrækt innan svæðisins. Samstarfssamningurinn felur jafnframt í sér að skógræktarfélagið afsalar sér ræktunarsvæðum í Rjúpnahæð, Smalaholti og Hnoðraholti í samræmi við breytingar á aðalskipulagi bæjarins.

Gangi áform samningsaðila eftir verður mikil uppbygging í skógræktar- og uppgræðustarfi í Kópavogi á næstu árum.

Þann 17. nóvember sl. var undirritaður samningur milli Skógræktarfélags Kópavogs og Kópavogsbæjar þar sem Kópavogur styður m.a. áframhaldandi uppbyggingu í Guðmundarlundi og færir hann undir bæjarvernd og tryggir félaginu svæði til ræktunar í landi Lækjarbotna, en bærinn yfirtekur ákveðin svæði undir byggð, sem Skógræktarfélagið hefur plantað í Hnoðraholti, Rjúpnahæð og Smalaholti Frá vinstri: Pétur Karl Sigurbjörnsson Skógræktarfélagi Kópavogs, Brynjólfur Jónsson Skógræktarfélagi Íslands, Bragi Michaelson formaður Skógræktarfélags Kópavogs, Gunnar Birgisson bæjarstjóri og Ómar Stefánsson formaður bæjarráðs.

Tímamótasamningur um framleiðslu og sölu á íslenskum jólatrjám

Síðastliðinn vetur var undirritaður tímamótasamningur á milli Húsasmiðjunnar/Blómavals og Skógræktarfélags Íslands um umfangsmikla ræktun íslenskra jólatrjáa.

Framleiðsla á íslenskum jólatrjám er einn helsti tekjustofn skógræktarfélaganna, sem þannig afla tekna til aukinnar skógræktar og bættrar aðstöðu fólks til útivistar í skógum.

Með þessum samningi er skógræktarfélögunum gert kleift að auka verulega framleiðslu á íslenskum jólatrjám á næstu árum, en Húsasmiðjan/Blómaval mun leggja aukna áherslu á markaðssetningu og sölu þeirra.

Íslensku trén hafa notið vaxandi vinsælda, enda umhverfisvæn vara, fersk úr skóginum.

Húsasmiðjan/Blómaval er einn stærsti söluaðili jólatrjáa í landinu.

Nú í haust fóru fulltrúar Húsasmiðjunnar/Blómavals og Skógræktarfélags Íslands í vettvangsferð í Hvalfjörð, en þar rækta nokkur skógræktarfélög jólatré. Þar eru víða úrvals skilyrði til skógræktar.

Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri Blómavals og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, settu niður fyrstu plöntuna í þessar nýju jólatrjáaekrur og innsigluðu þannig samninginn á táknrænan hátt.

Gróðursett í Esjuhlíðar

Eins og áður hefur komið fram fékk Skógræktarfélag Íslands höfðinglega gjöf frá Toyota umboðinu og Páli Samúelssyni. Tilefnið var 75 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands og 35 ára afmæli Toyotaumboðsins á síðastliðnu ári.

Gjöfinni var valinn staður á hinu vinsæla útivistarsvæði í Esjuhlíðum og luku starfsmenn Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur að gróðursetja þær 35 þúsund plöntur sem um ræðir en Toyota umboðið kostaði gróðursetninguna að fullu.

Kristján Bjarnason fyrrverandi garðyrkjustjóri í Vestmannaeyjum og sonur hans Eyþór Kristjánsson mynda kjölfestuna í gróðursetningaflokki sem gróðursetti til Toyotaskóga í Esjuhlíðum. Gunnlaugsskarð og Kistufell í baksýn (Mynd EG).

Esjuhlíðar eru mjög áveðra og er plöntunum valin staður með hliðsjón af því. Ekki er gróðursett í malarhryggi, gil, berjalautir og útsýnisstaði og útlínur skógarins mun því falla vel að landslagi líkt og „gamli“ skógurinn í Esjuhlíðum (Mynd EG).

Skógræktarfélag Djúpavogs

Unnið að gerð Aðalheiðarlundar í skóginun

Skógræktarfélag Djúpavogs hefur unnið ötullega að opnun og bættu aðgengi að skógræktarsvæði sínu undanfarin ár. Þar er nú orðinn ákjósanlegur vettvangur hvers konar útivistar og hreyfingar. Félagið vinnur nú að áhugaverðu verkefni í skóginum sem Sigurbjörg Sigurðardóttir sendi Laufblaðinu pistil um, ásamt fallegum myndum af svæðinu.

Þessar myndir eru frá nýju svæði sem er verið að byggja í skóginum, sem á að kallast Aðalheiðarlundur.

Lundinn er verið að gera til minningar um Aðalheiði Gísladóttur, sem dó ung, eina barn foreldra sinna þeirra Gísla Guðmundssonar símstöðvarstjóra og Ingibjargar Eyjólfsdóttur konu hans og eru trén í kringum svæðið gefin og gróðursett af þeim. Jafnframt verður lundurinn til minningar um séra Trausta Pétursson og konu hans Maríu Rögnvaldsdóttur, sem voru vinafólk Gísla og Ingibjargar, en þau presthjónin gróðursettu fyrstu trén á skógræktarsvæðinu árið 1952.

Þarna eiga að koma borð og bekkir ásamt minnisvarða um viðkomandi aðila, sem upp eru taldir hér að framan.

Búið er að setja trjákurl og tengja lundinn við göngustíga sem fyrir eru í skóginum. Svæðið er skjólgott með útsýni yfir Hamarsfjörð og eyjarnar fyrir utan Búlandsnes, Papey og Þvottáreyjar.

Listaverk Marlies Wechner úr gömlum jólatrjám (Mynd BJ).

Jólatrjáalist

Myndlistarmaðurinn Marlies Wechner sýndi á dögunum athyglisverð listaverk í SÍM húsinu við Seljaveg. Listaverkið er unnið úr gömlum, endurnýttum jólatrjám. Sannarlega frjótt hugmyndaflug og fallegt listaverk.

Einstakar bækur
fyrir ræktendur

Í bókunum er fjallað á skýran og aðgengilegan hátt um 54 tegundir lauftrjáa og 34 tegundir barrtrjáa sem vaxa á Íslandi.

Verð aðeins kr. 2.900.-
hvor bók

Vissir þú að 5 tegundir trjáa hafa náð yfir 20 m hæð á Íslandi?

Elstu trén hér á landi voru gróðursett fyrir aldamótin 1900, og eru því rúmlega 100 ára.

Elsta lífveran sem vitað er um á jörðinni, var 4.950 ára gömul fura.

Áskriftarsími 586 8005
og á www.rit.is

Sumarhúsið og garðurinn
Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími 586 8005 • www.rit.is

Hjónin Hörður Zóphaníasson og Ásthildur Ólafsdóttir hafa starfað lengi með Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar að uppgræðslu og skógrækt. Á afmælishátíðinni færðu þau félaginu sannkallaða stórgjöf, eina milljón króna, sem félagið getur nýtt til áframhaldandi skógræktar og bættrar útivistaraðstöðu í Hafnarfirði. Á myndinni eru þau hjón með þeim Hólmfríði og Níels Árna (Mynd JFG).

Á hátíðinni voru heiðraðir þrír forystumenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, sem lagt hafa ómælda vinnu og áhuga til starfs félagsins undanfarna áratugi. Það voru þeir (frá vinstri) Svanur Pálsson, Geir Gunnarsson og Björn Árnason. Ásamt þeim eru á myndinni Hólmfríður Finnbogadóttur framkvæmdastjóri og Níels Árni Lund formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar (Mynd JFG).

Afmælishátíð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er 60 ára í ár. Eins og sagt var frá í síðasta blaði stóð félagið fyrir öflugri afmælisdagskrá, meðal annars í samstarfi við Hafnarborg undir yfirskriftinni Hin blíðu hraun. Tókst sú dagskrá afar vel og voru viðburðir hennar fjölsóttir. Jafnframt var Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Hafnarfirði í lok ágúst og samhliða honum opin ráðstefna um útivistarskóga.

Í október hélt félagið síðan veglega afmælishátíð í Hafnarborg. Á hátíðinni var fjölmargt til skemmtunar og fróðleiks, auk þess sem eldri forystumenn félagsins voru heiðraðir. Þar bárust félaginu einnig ýmsar góðar afmælisgjafir. Hjónin Ásthildur Ólafsdóttir og Hörður Zóphaníasson færðu félaginu einstaka stórgjöf, eina milljón króna í reiðufé, sem félagið getur nýtt til uppbyggingar á ræktunarsvæðum sínum.

Opnun Aldamótaskógar í Reykholti

Dyggur stuðningur KB banka

Miðvikudaginn 11. október síðastliðinn var Aldamótaskógur í Reykholti formlega opnaður.

Opnunin hófst við nýtt upplýsingaskilti um skóginn, þar sem séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti bauð fólk velkomið. Þá fluttu stutt ávörp Magnús Jóhannesson, formaður stjórnar Skógræktarfélags Íslands, Pálína Pálmadóttir frá KB banka, sem er aðalstyrktaraðili Aldamótaskógaverkefnisins og Jenni R. Ólason, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar.

Eftir ávörpin gengu gestir um skóginn undir fróðlegri leiðsögn séra Geirs og skoðuðu ýmsa nýja aðstöðu sem þar hefur verið byggð upp. Má þar nefna nýtt hestagerði sem byggt hefur verið við gömlu þjóðleiðina um Reykholt, kurlborinn stíg sem liggur um gamla skóginn í Reykholti og trjámerkingar. Í göngutúrnum rifjaði séra Geir upp sögur úr Sturlungu sem tengjast staðnum og Grjótagötunni, en hluti skógarstígsins liggur eftir henni. Staðnæmst var við Eggertsflöt, þar sem Eggert Ólafsson skáld og náttúrufræðingur hélt vikulangt brúðkaup að fornum sið árið 1767 sem enn er í minnum haft. Á flötinni var boðið upp á þjóðlegar veitingar – hákarl, harðfisk og brennivín. Göngutúrinn endaði svo í Snorrastofu, þar sem boðið var upp á kaffi og kræsingar og leiðsögn séra Geirs um Reykholtskirkju, að veitingunum loknum.

Frá vinstri: Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Jenni R. Ólason, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Valgerður Árný Einarsdóttir frá KB banka og Pálína Pálmadóttir frá KB banka og séra Geir Waage, prestur í Reykholti (Mynd JFG).

Skógurinn í Reykholti er fjölbreyttur og áhugaverður til útivistar. Gengið var um skóginn undir leiðsögn séra Geirs (Mynd JFG).

Aldamótaskógurinn í Reykholti er hluti verkefnis um Aldamótaskóga. Verkefnið hófst formlega aldamótaárið 2000, þegar sjálfboðaliðar og starfsmenn skógræktarfélaga gróðursettu um 280 þúsund skógarplöntur – eina fyrir hvern Íslending – á fimm svæðum, einu í hverjum landshluta. Tilefnið að stofnun Aldamótaskóga var þúsaldamótin og sameiginlegt 70 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands og KB banka, sem lagði til allar plöntur og áburð fyrir verkefnið, en bankinn hefur einnig styrkt umhirðu og gerð aðstöðu til útivistar.

Aldamótaskógurinn í Reykholti er um 5 ha að stærð. Gróðursett var neðan og ofan þáverandi skógar, en upphaf skógræktar í Reykholti má rekja til gróðursetninga skólabarna við Reykholtsskóla á 4. áratug 20. aldar. Einnig hafa afkomendur og ættingjar prestshjónanna séra Einars Pálssonar og Jóhönnu K.K. Eggertsdóttur stundað trjárækt í Reykholti frá því 1948. Þá hefur skógræktarfólk frá Norðurlöndum einnig gróðursett tvisvar í Reykholti, árin 1990 og 1994.

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

SPM www.spm.is

Áburðarverksmiðjan

BAKKAVÖR

ÁRDEGI

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
Sími: 535 6000 - www.felag.is

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HÉRAÐSSKÓGAR
AUSTURLANDSSKÓGAR

HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

HÓLASKÓLI
HÓLUM / HJALTADAL

Iceland Travel
RÁÐSTEFNUR

Landbúnaðarháskóli
Íslands

Landgræðslan

LÍFLAND
Lynghálsi 3 • Sími: 5401125

MEISTARAFÉLAG
HÚSASMIÐA

RST Net

Pípulagna
VERKTAKAR ehf

spron
– fyrir allt sem þú ert

PRENTSMIÐJAN
VIÐEY

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Sveitarfélagið Ölfus

PRICEWATERHOUSECOOPERS

Skógræktarfélag
Borgfirðinga

ÍSTAK

Nesprýði

Skógræktarfélag
Reyðarfjarðar

BRÆÐURNIR
ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800
www.ormsson.is

www.toyota.is

Nú er komið annað hljóð í strokkinn:

Þögn...

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS TOP 31628 02/2006

Prius - Framtíðin hefst í dag

HYBRID SYNERGY DRIVE

Forfeður okkar fundu upp hjólið en nú hefur Hybrid-kerfið verið fundið upp: Lykillinn að umhverfisvænum þægindum í akstri. Með Hybrid-kerfinu er Prius bæði knúinn bensínvél og rafmagnsvél. Í hægum akstri og þegar numið er staðar ræður rafmagnsvélin ríkjum. Þetta veldur því að bíllinn er afar hljóðlátur, ótrúlega sparneytinn og með útblástur í lágmarki. Þeir bjartsýnu og framsæknu sjá framtíðina fyrir sér sem veröld þæginda í heilbrigðu umhverfi. Komdu og reynsluaktu Prius. Hann er framtíðin.

Verð: 2.440.000 kr.

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000